

Lýsing:

Tillagan gengur út á að efla íbúðarbyggð við Engihjalla í Kópavogi. Í dag er þar verslunar og þjónustubygging sem komin til ára sinna og gert er ráð fyrir að hún yrði rifin. Verslun sem er þar í dag mundi þó haldast og vera endurbyggð í austurenda svæðisins. Gert er ráð fyrri íbúðarbyggð sem er samtengd með bílageymslu í kjallara og grænum svæðum ofanjarðar. Byggðin mun taka mið af hærri byggð sunnan við lóðina og lækka niður að lægri byggð að norðan. Með þessu mun nýja íbúðarbyggðin aðlagast að umhverfi sínu og reynt er eftir fremsta megni að veita skjól og skapa vistvænt umhverfi fyrir nýja sem núverandi íbúa á svæðinu þar sem um opna garða milli húsana er að ræða. Náttúruleg loftræsting er í bílageymslu í kjallara og er td. Körfuboltavöllur settur á gólf kjallarans með opnum áhorfendatröppum upp að gördum svæðisins til útloftunar.